

Ísafirði 3. september 2018

Sæll Axel

Ég sæki hér, fyrir hönd Steinþórs Bjarna Kristjánssonar, kt. 1001663569, fyrir hönd Leggur og skel, kt. 6602090500, um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við íbúðarhúsið að Hjarðardal Ytri Önundarfirði. Einnig er sótt um að stofnuð verði ný lóð fyrir íbúðarhús þetta í landi Hjarðardals Ytri.

Þá er jafnframt beðið um leyfi til að skila skráningartöflu ásamt helstu rúmmáls og stærðartölum eftir að erindi þetta hefur verið tekið fyrir.

BYGGINGARLÝSING:

Húsið er einnar hæðar einbýlishús, að Hjarðardal Ytri 1. Húsið er upphaflega byggt árið 1961 á steyptri plötu með hlöðnum útveggjum og járnklæddu timburþaki. Útveggir eru þússaðir og málaðir.

Húsið stendur í landi Hjarðardals Ytri á eignarlóð nýútbúinni eingarlóð sem sótt er um með erindi þessu. Gert er ráð fyrir 2 bílastæðum á lóðinni, þar af einu fyrir fatlaða. Hægt er að koma við skábraut frá bílastæðum að aðalinngangi.

Gert er ráð fyrir flokkun sorps og mögulega losun þess á bílastæðaplani við heimreið.

Heitur hluti viðbyggingar;

er reistur á steyptum sökkli. Burðarvirki hans er 150mm. timburgrind, einangruð með 125mm steinull, klædd bandsöguðu óvörðu timbri. Innveggir eru léttir og klæddir gipsplötum og einangraðir með amk. 50 mm þilull. Loft inni eru ýmist gips loft eða úr strekktum dük með hljóðisogselginleikum. Allur frágangur á lóð og lega hússins í landinu er þannig að hvergi skapast fallhætta.

Þak er hefðbundið sperrubak klætt með ábræddum þakpappa einangrað með 220mm steinull, skúrbak afvatnað framan við anddyri, á milli heits og kalds rýmis.

Gluggar eru úr viði. Gler er k-gler. Gólfssítt gler skal amk vera gert úr 6 mm hertu öryggisgleri í ytra byrði og 8,8 mm samlímdu gleri í innra byrði.

Kaldur hluti viðbyggingar;

er reistur á steyptum sökkli. Burðarvirki hans er 150mm. timburgrind klædd með liggjandi polycarbonat plötum eða glærum sínusplötum úr plasti. Þak er sama þakform og á núverandi húsi óeinangrað klætt sínusplötum úr járni eða plasti.

Byggð verður nú verönd úr timbri neðan við húsið sem hvíla mun á steyptum undirstöðum.

Björgunarop / útidyr eru í hverju herbergi. Handslökkvitæki og reykskynjarar verða settir upp í samráði við eldvarnareftirlit með hliðsjón af aðalteikningum. Brunataeknileg atriði eru samkvæmt reglugerð. Altí aðgengi hússins er í samræmi við algilda hönnun.

Gera skal ráð fyrir að koma megi fyrir arni annað hvort á byggingartíma eða seinna. Allur búnaður arinsins skal þannig gerður og frágenginn að hægt sé að kynda með honum á öruggan hátt og að notkun hans, hreinsun og viðhald hafi ekki í för með sér eld-, sprengi- eða eitrunarhættu, né heilsuspillandi áhrif vegna reyks. Hitaeinangra skal þá fleti arinsins sem ætla má að hætta geti stafað af ef þeir eru snertir. Arininn skal tengja við reykháf sem gerður er úr óbrennanlegum efnum sem varin eru gegn tæringu. Stærð reykháfsins skal miðast við að bruni í arninum verði eðlilegur, virkni fullnægjandi og reykhiti verði innan eðlilegra marka. Staðsetning og frágangur skal vera með þeim hætti að ekki sé hætta á að það kvíkni í aðliggjandi

byggingarhlutum. Yfirborð reykháfsins skal vera aðgengilegt til eftirlits og viðgerða og skal lengdarþensla vera óhindruð. Þverskurðarflatarmál skal vera óbreytt frá botni til topps. Reykháfurinn skal vera aðgengilegur til hreinsunar. Þéttleika hans skal staðfesta með þrýstiprófun. Reykháfurinn skal ná flokkun G samkvæmt ÍST EN 13501-2. Reykháfinn skal hitaeinangra til varnar húðbruna þannig að hitastig hans verði ekki herra en 60°C. Reykháfurinn skal búinn stillanlegu súgspjaldi og sótlúgu. Reykháfurinn skal gerður í samræmi við ÍST EN 1443, ÍST EN 15287-1 eða ÍST EN15287-2. Þversnið reykops skal ákvarða eftir ÍST EN 13384-1, 13384-2 og 13384-3.

Inntök eru í tæknirými inn af þvottahúsi, og lagnaleiðir undir steyptri plötu og í innveggjum. Upphitunarkerfi er gófhitakerfi lagt í steypta plötu, og þilofnar eftir þörfum. Loftræsting er vélræn úr eldhúsi útsog amk. 30 l/s, þvottahúsi útsog amk. 20 l/s, salerni útsog amk. 10 l/s og baðherbergi útsog amk. 15 l/s. Opannlegir gluggar eru í öllum íverurýmum.

Vatnsöflun og frágangur fráveitna er alfarið á ábyrgð eiganda. Húsið er tengt staðbundinni ferskvatnsveitu og hreinsivirkí á lóð, í samræmi við reglugerðarkröfur, sjá afstöðumynd.

Hnit lóðar:

(X - 296982 - Y - 620487) (X - 297012 - Y - 620438) (X - 296955 - Y - 620403) (X - 296925 - Y - 620452)

Brúttóstærðir :

Flatarmál	:	XX
Rúmmál	:	XX
LANDNÚMER	:	L141012
STAÐGREINIR	:	4200-12-00020000

Með vinsemdu og virðingu



Kjartan Arnason